



## G J A L D S K R Á

fyrir frístundaheimili í Fjarðabyggð

Gildir frá 1.9.2018

Vistunargjald: 239 kr./klst.  
Fæðisgjald: 159 kr./dag.

Systkinaafsláttur er milli vistunargjalds á frístundaheimili og vistunargjalds í leikskóla. Afsláttur í leikskóla er óbreyttur, en barni 2 á frístundaheimili fylgir 25% afsláttur, barni 3 á frístundaheimili fylgir 50% afsláttur og barni 4 á frístundaheimili fylgir 100% afsláttur.

Frístundaheimilisgjaldið greiðist mánaðarlega. Dragist greiðsla í tvo mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörðun, að vistuninni hafi verið sagt upp.

Uppsagnarfrestur frístundaheimilisvistunar er fyrir 20. hvers mánaðar og miðast uppsögn við 1. næsta mánaðar.

### Reglur um niðurfellingu frístundaheimilisgjalda

Ef um veikindi barns er að ræða sem vara 4 vikur eða lengur er hægt að fella niður frístundaheimilisgjöld um helming gegn framvísun læknisvottorðs.

Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra verði metin af grunnskólastjóra í hvert sinn.

Fjarðabyggð 1. júní 2018

  
*Gunnar Jónsson*  
Gunnar Jónsson

Samþykkt í bæjarráði 18. júní 2018  
Samþykkt í bæjarstjórn 21. júní 2018